

Dagfari

3. tbl. 31. árgangur • Október 2005 • ISSN 1027-3840 • Útgefandi: Samtök
herstöðvaandstæðinga • Huldubraut 29, Kópavogur • Ábm. Páll Hilmarrson
og Stefán Pálsson.

Veffang: <http://www.fridur.is>

Netfang: fridur@fridur.is

Friðarhúsið komið í gagnið!

Hið nýja húsnæði SHA, á horni **Snorrabrautar**
og Njálsgötu, verður formlega opnað
laugardaginn 5. nóvember 2005 í tengslum við
landsráðstefnu.

Opnunarhátíð með skemmtiatriðum og
léttum veitingum verður um kvöldið og
hefst kl. 21

Allir friðarsinnar velkomnir!

Samtök herstöðvaandstæðinga

Tímamót í starfi Samtaka herstöðvaandstæðinga

Tíu ár eru um þessar mundir liðin frá því að SHA sagði upp leiguhúsnæði sínu að Óðinsgötu og hættu þar með rekstri almennrar skrifstofu. Þessi ráðstöfun var til komin vegna mikilla skulda og erfiðleika í rekstri samtakanna, en friðarhreyfingar víða um lönd áttu erfitt uppdráttar á tíunda áratug síðustu aldar.

Ljóst er að lifandi hreyfingu er mikilvægt að eiga sér samastað, þar sem félagar geta komið saman og áhugasamt fólk kynnt sér starfið og stefnuna. Á sama hátt valda stöðugir flutningar því að gögn og gripir geta farið forgörðum og mikil orka fer í snúninga sem lítt tengjast hinum eiginlegu markmiðum félagsins.

Það var framfaraspor þegar SHA tók á leigu herbergi í Hamraborg í Kópavogi fyrir nokkrum misserum. Það húsnæði hefur nýst ágætlega til stjórnarfundna og sem geymsla fyrir helstu eigur félagsins. Ljóst mátti þó vera að starfsemi samtakanna er alltof mikil til að slíkt húsnæði gæti dugað til lengdar. Af þeim sökum var

sambýkkt, fyrst á landsráðstefnu 2002 og svo ítrekað ári síðar að kanna möguleika á því að eignast húsnæði sem nýst gæti til langframa.

Það var loks hinn 30. mars 2004 að eignarhaldsfélagið Friðarhúss SHA ehf. var stofnað til að standa að kaupum á húsnæði. Þá þegar hófst söfnun hlutafjár, en hver hlutur er að andvirði 10.000 kr. Síðan þá hafa tæplega hundrað manns skráð sig fyrir hlut, en markmiðið er að fjölga hluthöfum verulega. Styrkur samtakanna hefur ætíð falist í fjölda félagsmanna og virkri þátttöku sem flestra.

Síðsumars 2005 náði stjórn Friðarhúss SHA ehf. samningum um kaup á húsnæði við Snorrabraut. Undanfarnar vikur hafa staðið yfir breytingar á húsnæðinu og uppsetning aðstöðu sem hentað getur starfsemi frjálsra félagsamtaka eins og SHA. Nú er sú vinna langt komin og ætlunin að vígja húsið formlega á landsráðstefnu samtakanna þann 5. nóvember.

www.fridur.is

Margt á prjónunum

Hið nýja húsnæði SHA á horni Snorrabrautar og Njálsgötu tengist sögu verslunar í Reykjavík með órjúfanlegum hætti. Þar var um árabil starfrækt Prjónabúðin Erla, sem er áhugafólki um hannyrðir að góðu kunn. Prjónabúðin er nú flutt á næsta götuhorn, á mótum Snorrabrautar og Grettisgötu.

Ígrein í Dagfara haustið 2002, voru reifaðir þeir kostir sem framtíðarhúsnæði þyrfti að búa yfir. Var þar meðal annars rætt um að gamalt skrifstofu- eða verslunarhúsnæði í Þingholtunum kæmi vel til greina. Þetta húsnæði er á næstu slóðum í Tungunni svokölluðu, milli Spítalahlíðar og Skuggahverfis. Staðsetningin er því eins og best verður á kosið, 100 metra frá Laugaveginum og áberandi gluggar snúa að fjölfarinni umferðargötu.

Húsnæðið uppfyllir fyllilega væntingar okkar. Þar má hæglega halda sextíu manna samkomur og 100 manns geta setið á fyrirlestri. Gott veggpláss nýtist til hverskonar sýningarhalds og góð aðstaða er fyrir skrifstofurekstur og geymslur fyrir eigur SHA. Eignin er að hluta til á fyrstu hæð með séringngangi og síðan gengið niður hálfu hæð í hinn hlutann. Skráð stærð Friðarhússins er 125 fermetrar, þar af er stærsta opna pláss um 70 fermetrar. Kaupverð er 9,5 milljónir.

Aðstandendur Friðarhúss eru fullvissir um að þetta húsnæði verði öflug lyftistöng fyrir friðarbaráttuna á Íslandi. Ekki er vanþörf á því eins og staða mála er í heiminum í dag.

Hvernig gerist maður hluthafi?

Það gefur auga leið að friðarsinnar munu nú sem áður leggja allt sem þeir geta að mörkum til að liðsinna Samtökum herstöðvaandstæðinga í baráttu sinni fyrir afvopnun og friði í heiminum. Ein leið til þess er að gerast hluthafi í eignarhaldsfélaginu Friðarhúsi SHA ehf.

Leiðin til þess er sáraeinföld. Þeir sem gerast vilja hluthafar geta lagt beint inn á reikning nr. 0130-26-2530, en kennitala Friðarhúss SHA ehf. er 600404-2530.

Hver hlutur er að andvirði 10.000 krónur, en þeim sem styðja vilja við bakið á félaginu er vitaskuld heimilt að kaupa fleiri hluti eða styrkja það með öðrum hætti.

Frekari upplýsingar veita Sigurður Flosason gjaldkeri s. 554-0900, Elvar Ástráðsson stjórnarformaður s. 561-5549 og Stefán Pálsson s. 617-6790. Einnig má senda tölvupóst á netfangið sha@fridur.is.

Virt fræðikona heimsækir Ísland

Þriðjudaginn 9. ágúst s.l. minntust íslenskar friðarhreyfingar þess að 60 ár værulíðin frá kjarorkuárás Bandaríkjanna á japönsku borgina Nagasaki. Metfjöldi lagði leið sína á kertaflýtingu á bakka Reykjavíkurtjarnar þá um kvöldið.

Í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur stóð Samstarfshópur friðarhreyfinga fyrir fundi þar sem þessara hryðjuverka var minnst. Meðal ræðumanna var sænski rithöfundurinn og fræðikonan Monica Braw. Hún flutti erindi um afleiðingar árásanna, afdrif fólksins sem lifði þær af og hvernig stjórnvöld í Japan og Bandaríkjunum reyndu að þagga niður umræðu um málið.

Monica Braw er einn kunnasti sérfræðingur Norðurlandanna á þessu sviði. Hún bjó í Japan um árabíl og bók hennar “Överlevarna” hefur komið út á fjölda tungumála. Heimsókn hennar vakti mikla athygli fjölmiðla og var hún meðal annars gestur í Kastljósi Sjónvarpsins og í ýmsum fréttaskýringaþáttum á Rás 1 og Rás 2.

Það er íslenskum friðarsinum mikill styrkur að fá að njóta krafta erlendra fyrirlesara og fræðimanna sem geta eðlilega miðlað sýn á þessi mál sem er ólík því sem við eigum að venjast.

Stefnuskrá SHA endurskoðuð

Stefnuskrá Samtaka herstöðvaandstæðinga var samþykkt á landsráðstefnu haustið 1995 eftir talsverðar umræður. Markmið samtakanna eru skýr og standa vel fyrir sínu, þrátt fyrir að margt hafi breyst í heiminum á síðustu tíu árum. Þannig hafa Íslendingar í þrígang gerst aðilar að stríðsátökum, ýmist með beinum hætti eða með almennum stuðningsyfirlýsingum.

Hverjum félagasamtökum er hollt að fara reglulega í málefnalega endurskoðun. Á landsráðstefnu SHA

laugardaginn 5. nóvember næstkomandi verður stefnuskráin rædd og tekin til endurskoðunar. Sú vinna er raunar þegar hafin og hafa tveir almennir félagsfundir verið helgaðir þessu efni, báðir haldnir í hinum nýju húsakynnum samtakanna á horni Snoorabrautar og Njálsgötu. Voru báðir velsóttir og var skipst á skoðunum af hreinskíptni.

Stefnuskrá SHA - drög unnin fyrir landsráðstefnu 5. nóv 2005

Samtök herstöðvaandstæðinga berjast fyrir því að alþjóðleg deilumál verði leyst án ofbeldis. Samtökin hafna heimsvaldastefnu og öllum tilraunum til að kúga þjóðir með hervaldi. Þátttaka Íslendinga í hernaði, hverju nafni sem hann nefnist, má aldrei líðast.

Jafnframt hafna samtökin aðild að hvers konar samtökum og bandalögum sem stofnuð eru til að leysa ágreiningsmál með beitingu hervalds. Sérstaklega viðsjárverð eru bandalög sem grundvallast á uppsetningu og notkun kjarnorkuvopna, eins og Atlantshafsbandalagið. Þess vegna er barátta gegn Atlantshafsbandalaginu eitt af grundvallarmarkmiðum Samtaka herstöðvaandstæðinga.

Samtök herstöðvaandstæðinga leggja áherslu á alþjóðlegt friðarstarf og baráttu gegn hvers kyns kjarnorkuvígbúnaði og tilraunum með geryðingarvopn. Markmið okkar er alþjóðlegt bann á smíði, uppsetningu og beitingu slíkra vopna.

Samtök herstöðvaandstæðinga berjast gegn alþjóðlegri vopnasölu og benda á hræðilegar afleiðingar sem hafa hlotist af vígbúnaði og beitingu vopna um allan heim. Einnig hefur alþjóðleg vopnasala þau áhrif að miklir fjármunir flytjast frá þróunarlöndum til fáeinna ríkra landa. Því berjast Samtök herstöðvaandstæðinga fyrir alþjóðlegu banni á vopnasölu.

Samtök herstöðvaandstæðinga beita sér gegn öllu hernaðarsamstarfi við önnur ríki, en þó umfram allt hernaðarsamstarfi við stórveldi sem eiga frumkvæði að vígbúnaðarkapphlaupi, uppsetningu, notkun og hópun um beitingu kjarnorkuvopna á eigin landi og í öðrum löndum. Stórveldi sem hikar ekki við að beita ofbeldi til lausnar alþjóðlegum deilum og virðir ekki alþjóðlög um stríðsrekstur er ekki geðfelltur bandamaður. Því beitum við okkur fyrir uppsögn svo kallaðs „varnarsamnings“ við Bandaríkin og gerum lokun bandarískra herstöðva á Íslandi að meginkröfu. Vera hersins hér á landi felur í sér skerðingu á sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar.

Samtök herstöðvaandstæðinga vara við áhrifum sem návist íslensks og erlends hers hefur á íslenskt samfélag, aukna vígvæðingu og vopnaburð, upphafning ofbeldis og ógnanir í garð almennra borgara. Við leggjumst gegn því að dýrmætum fjármunum skattgreiðenda, innlendra sem erlendra, sé varið til hernaðarstarfsemi.

Samtök herstöðvaandstæðinga vilja halda uppi fræðslu um vígbúnað og friðarstarf og afla upplýsinga um efnahagslega og pólitíska hagsmuni sem tengjast hernaði.

Samtök herstöðvaandstæðinga berjast gegn allri leynd og brotum á lýðræðislegri

upplýsingaskyldu sem framin eru í nafni „öryggishagsmuna þjóðarinnar“. Samtök herstöðvaandstæðinga krefjast þess að ákvarðanataka um öryggismál Íslendinga sé ávallt gagnsæ og mótist af lýðræðislegum meirihlutavilja, en þó þannig að friðarsjónarmið séu jafnan í öndvegi.

Markmið samtakanna eru:

* Að berjast gegn hvers kyns kjarnorkuvígðunáði og taka þátt í alþjóðlegu friðarstarfi.

* Að Ísland segi upp aðildinni að NATO og standi utan hernaðarbandalaga.

* Að Ísland segi upp hernaðarsamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku og leyfi engar herstöðvar á Íslandi.

* Að sameina alla sem vilja vinna að þessum markmiðum til baráttu fyrir þeim.

Gefið tónlistargjöf

Í tengslum við baráttudag kvenna þann 24. október sl. var endurútgefinn hljómdiskurinn Áfram stelpur, sem hefur að geyma marga sígilda baráttusöngvar úr kvenfreslisbaráttunni. Ljóst er að þessi diskur mun rata í marga pakka fyrir næstu jól.

Að þessu tilefni er vert að minna á hljómdiska þá sem SHA hafa gefið út á síðustu árum. Þar er annars vegar um að ræða safndiskinn Baráttusöngva fyrir friði og þjóðfrelsi, sem inniheldur fjölda sígildra slagara úr friðarbaráttunni, en

hins vegar Sóleyjarkvæði eftir ljóðabálki Jóhannesar úr Kötlum. Upplagið af fyrrnefnda disknum er senn á þrotum og fer því hver að verða síðastur að festa kaup á þessum kjörgrip. Enn mun þó nokkuð vera til til af Sóleyjarkvæði.

Friðarsinnar sem gera jólainnkaupin snemma geta því haft samband við SHA með því að hringja í símann 554-0900 eða senda tölvupóst á netfangið sha@fridur.is til að panta eintök.

Tillögur að breyttum lögum SHA

Lög Samtaka herstöðvaandstæðinga voru samþykkt haustið 1976. Á þeim hafa verið gerðar ýmsar breytingar, síðast árið 2002. Hægt að lesa löggin í núverandi mynd á vefsvæði SHA, www.fridur.is.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á lögnum að þessu sinni, einkum í því skyni að færa lög SHA til samræmis við almennar venjur í félagasamtökum.

* Lagt er til að í greinum 5, 6, 8 og 10 verði orðinu landsráðstefna skipt út, en þess í stað verði talað um aðalfund SHA.

* Lagt er til að í greinum 5 til 10 verði orðinu miðnefnd skipt út, en þess í stað verði talað um stjórn SHA.

* Lagt er til að sú breyting verði gerð á skipan miðnefndar/stjórnar að í stað þess að þar sitji 8 aðalmenn og 4 varamenn verði aðalmenn 9 talsins en varamenn 3.

* Lagt er til að sú breyting verði gerð á greinum 5 og 6 að kosning formanns fari fram á landsráðstefnu/aðalfundi, en að öðru leyti muni miðnefnd/stjórn skipta með sér verkum.

Greinargerð með lagabreytingum:
Ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi SHA í gegnum tíðina. Til að mynda var

miðnefnd félagsins lengi vel skipuð fjölda fulltrúa sem aftur kusu framkvæmdanefnd úr sínum röðum. Framkvæmdanefndin gegndi því sama hlutverki og stjórn í hefðbundnum félagasamtökum.

Alllangt er síðan horfið var frá þessu skipulagi og hefur miðnefnd í meira en áratug haft stöðu stjórnar. Má telja eðlilegt að nafngiftum sé breytt í samræmi við það. Sömu sögu má segja um heiti landsráðstefnu, sem er arfur frá þeim tíma þegar starfsemi SHA skyldi byggja á fjölda lítilla starfseininga. Landsráðstefna er í raun aðalfundur SHA og ætti því að bera nafn í samræmi við það í lögum félagsins.

Breytingin á fjölda aðal- og varamanna í miðnefnd/stjórn byggist á því að rétt sé að fjöldi aðalmanna sé oddatala, þótt viðurkennt sé að skiptingin í aðal- og varamenn hafi fyrst og fremst verið formsatriði síðustu misserin. Á sama hátt má telja eðlilegt að formaður félagasamtaka sé kjörinn beinni kosningu á aðalfundi líkt og hér er lagt til.

Páll Hilmarsson

Sprengjurnar

Uppgjöf Japana var yfirvofandi, það var í raun engin ástæða fyrir okkur að beita þessu hroðalega vopni.

Tilvitnunin að ofan er ekki úr fengin úr bók einhvers róttæks sagnfræðings eða bláeygðs friðarsinna. Hún er höfð eftir Dwight Eisenhower, yfirhershöfðingja sveita bandamanna í Evrópu og síðar forseta Bandaríkjanna. Hún er í fullu samræmi við það álit bandarískra sérfræðinga þegar komið var fram á mitt ár 1945 að japanski herinn gæfist upp fyrir árslok, jafnvel þótt hvorki kæmi til innrásar bandarískis herliðs eða Rauði herinn blandaði sér í átökin.

Þeir fræðimenn sem ráðist hafa gegn goðsögninni um að kjarnorkuárásirnar á Hiroshima og Nagasaki hafi verið “óumflýjanlegar” hafa úr nægu að móða og þeirra bestu heimildir eru einmitt skrif og skýrslur Bandaríkjamanna sjálfra. Í ljósi þessa má ótrúlegt heita hversu lífseig hugmyndin um nauðsyn þess að eyða borgunum tveimur hefur reynst í sumum vestrænum fjölmiðlum. Svo litið sé framhjá brjálsemi þeirrar hugmyndar að reyna að réttlæta sprengjuárásir sem þurrkuðu út heilar borgir með “mannúðarrökum”, standast slíkar rökfimiæfingar enga sögulega skoðun.

Megintilgangurinn með kjarnorkuárásunum á Hiroshima og Nagasaki var tvíþættur. Í fyrsta lagi var markmið Bandaríkjustjórnar að sýna

umheiminum mátt hins nýja vopns. Hins vegar réðu innanlandspólítískar ástæður för. Bandaríkjaþing hafði eytt gríðarlegum fjárhæðum til þróunar á kjarnorkusprengjunni og krafðist þess að sjá afrakstur útgjaldanna. Ef sprengjunum hefði ekki verið varpað, var hætt við að Manhattan-áætlunin yrði talin stórkostlegasta dæmi sögunnar um soun á almannafé og því getað rústað pólitískan feril þeirra sem börðust fyrir henni.

Margt gagnrýnivert má segja um stefnu Bandaríkjustjórnar síðustu áratugina, en eitt verður þó að hrósa bandaríska stjórnkerfinu fyrir. Það er hversu litlar hömlur stjórnvöld þar reyna að leggja á birtingu skjala og upplýsinga sem náð hafa tilteknum aldri – hversu vandræðaleg sem opinberun þeirra kann að reynast fyrri valdhöfum.

Sagnfræðingar hafa þannig getað kynnt sér í þaula ýmis skjöl er tengjast aðdraganda kjarnorkuárásanna og áætlanir stjórnvalda í Washington í þeim efnum. Þessi gögn leiða berlega í ljós að öll vinna Manhattan-áætlunarinnar miðaðist að því að varpa sprengjunni á Japan. Á fundum æðstu ráðamanna á árinu 1943, þegar Þýskaland Hitlers var ennþá virkur þátttakandi í stríðinu, var aldrei rætt um þann möguleika að beita kjarnorkuvopnum gegn Þýskalandi. Tæknilegar ákvarðanir á byggingarstigi sprengjanna, miðuðust við flugvélar Kyrrahafsflotans og fleira mætti telja til.

Fregnir þessar áttu síðar eftir að koma mörgum þeirra vísindamanna sem unnu að gerð kjarnorkusprengjunnar í opna skjöldu, enda margir þeirra Evrópubúar sem töldu sig vinna í kapp við nasista og að vopnið skelfilega yrði notað til að knésetja Þriðja ríkið.

Ljóst má vera að bandarískir ráðamenn töldu kjarnorkusprengjuna vera of skelfilegt vopn til að beita gegn kristnum, hvítum íbúum Þýskalands. Falsrökin um að beiting kjarnorkusprengju væri réttlæt看leg til að afstýra mögulegu mannfalli í hernaði áttu greinilega ekki við í Evrópu. Í ljósi þessa liggur beint við að álykta að valið á skotmörkum fyrir sýnissprengingarnar hafi byggst á rasískum sjónarmiðum.

Nokkuð ber á því að þeir sem fjalla um þessa sögu, reyni að bera blak af þeim mönnum sem tóku ákvörðunina um fjöldamorðin. Er þá stundum gripið til þeirra raka að hana beri að skilja í ljósi aðstæðna, að stærð hamfaranna hafi ekki verið mönnum ljóst eða drápin virst léttvægari í ljósi hörmunga stríðsins. En sú málsvörn er máttlaus, því af umræðum þeirra manna sem ákvörðunina tóku sést að þeir skildu fyllilega umfang þeirra glæpaverka sem þeir ætluðu að fremja. Sprengjurnar sem féllu á Hiroshima og Nagasaki voru stærsta opinbera aftaka sögunnar. Slíka glæpi er aldrei unnt að fyrirgefa.

Stefán Pálsson

Áður birt á Friðarvefnum www.fridur.is 2. ágúst 2005.

Ályktun vegna komu rússneskra herskipa til Reykjavíkur

Samtök herstöðvaandstæðinga mótmæla komu rússnesku herskipanna Levtsjenkó admírals og Vjazma til Reykjavíkur og áréttu að slík herskip eigi ekki erindi í Reykjavíkurhöfn. Það er óskiljanlegt að Reykjavíkurborg skuli ítrekað hleypa slíkum drápstólum að bryggju.

Í “virðingarskyni við Ísland”. Við viljum áréttu að slíkar seremóníur eru ekki í samræmi við hefðir vopnlausrar þjóðar og að ýmsar aðrar leiðir eru til að sýna Íslandi og Íslendingum virðingu.

SHA - 11.7.2005

Einnig mótmælir SHA fallbyssuskoðtríð rússnesku skipanna sem að sögn var gerð

Fyrsti formaður SHA fallinn frá

Samtök herstöðvaandstæðinga voru stofnuð árið 1972, en segja má að þau hafi risið á grunni eldri félagsskapar, Samtaka hernámsandstæðinga. Fyrst um sinn var skipulag SHA laust í reipunum og án formlegrar stjórnar. Árið 1975 skipuðu samtökin sér formann í fyrsta sinn og gegndi Andri Ísaksson því embætti frá 1975 til 1976.

Andri Ísaksson á heimili sínu þann 6. ágúst síðastliðinn eftir alllöng veikindi. Hann var fæddur 14. nóvember árið 1939, sonur hjónanna Ísaks Jónssonar skólastjóra og Sigrúnar Sigurjónsdóttur kennara. Andri kvæntist Svövu Sigurjónsdóttur listsagnfræðingi og eignuðust þau fjögur börn.

Andri Ísaksson átti að baki glæsilegan fræðimannsferil á sviði sálfræði og uppeldisfræði og var meðal annars prófessor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands. Þá starfaði hann sem sérfræðingur hjá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Samtök herstöðvaandstæðinga minnst góðs baráttumanns og votta fjölskyldu hans samúð sína.

Gamlar myndir koma í leitirnar

Á dögnum barst Samtökum herstöðvaandstæðinga sending með gömlum ljósmyndum sem teknar voru austur í Hornafirði í Stokksnesgöngu herstöðvaandstæðinga. Myndir sem þessar hafa mikið gildi fyrir samtökin sem reyna eftir fremsta megni að halda til haga upplýsingum um sögu sína. Friðarsinnar sem luma á skemmtilegum ljósmyndum í söfnum sínum eru því sem fyrr hvattir til að hafa samband við SHA.

SÖNGUR Í MANNHAFINU

Drukkinn af birkilaufum og gulum haustmána
æði ég eins og vindurinn og syng fyrir heiminn.
Einn vakna ég í húsi fuglanna eins og rauð stjarna
á fjarlægum himni og veit að lífið er umhverfis mig
eins og frumskógur grænn og djúpur.

Ég heyrir vitfirrtar sögur af látæði manna
og horfi á stýrimenn kafaranna reikna arðinn
af töfrum lífsins og kasta eldflaugum yfir
aldingarðana þar sem leikvellirnir loga og ung
börn eru vegvillt og svöng í ryki eldsins.

Svefndrukkinn hrópa ég og hugurinn æðir
um nótt heimskunnar í ríki hinna útvöldu.
Í óráðsvímu hlusta ég á kór valdhafanna
syngja falskan söng um vímu fjárgróðans.
Trjákrónur eldsins anga heitar og lifandi.

Á rústum draumsins syng ég um örugga höfn
og vegsama byltingu alþýðunnar og trú á lífið.
Undir sólhvítum himni drukkinn af ilmi og ljóðum
yrki ég þennan söng um fegurðina því fegurð
réttlæti og bræðralag er lofsöngur allra guða.

Jón frá Pálmholti

Landsráðstefna SHA 2005

Haldin í nýju húsnæði SHA, Friðarhúsi, laugardaginn 5.
nóvember

Dagskrá:

11:00 - Venjuleg aðalfundarstörf: kjör miðnefndar, reikningar kynntir, skýrsla miðnefndar, breytingar á lögum félagsins & ályktanir kynntar.

12:15 til 13:00 - Matarhlé. Léttur hádegisverður á vægu verði.

13:00 til 14:30 - Stefnuskrá SHA tekin til endurskoðunar

14:30 til 15:30 - Íslenski herinn. Eru íslensk stjórnvöld að stofna her á laun? Rætt um hermennsku undir flaggi friðargæslu.

15:30 - Afgreiðsla stefnuskrár og ályktana.

Fundi lokið kl. 16:00

Um kvöldið verður svo efnt til skemmtunar í Friðarhúsi í tilefni af formlegri opnun þess.
